# Framkvæmdavöktun á Vesturgötu 53




Stefán Ólafsson

FS1064-25311
Fornleifastofnun Íslands
Reykjavík 2025

*Forsíðumynd: Tvö íbúðarhús stóðu á lóð Vesturgötu 53, það eldra að grunni til frá 1895 og það yngra frá 1944 eða 1945. Myndin sýnir norðvesturgaflinn á yngra húsinu en á honum má sjá breytingar á þaki eldra hússins.*

## Grunnupplýsingar

**Rannsóknarnúmer:** 202508-0077
**Þjóðminjasafnsnúmer:** 2025-57
**Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna:** Engin fornleifaskráning hafði verið gerð á svæðinu þegar verkefnið var unnið.
**Stutt lýsing rannsóknar:** Framkvæmdaeftirlit með uppmokstri ef vera kynni að fornleifar kæmu í ljós.
**Tegund rannsóknar:** Framkvæmdaeftirlit.
**Ástand fornleifa við lok rannsóknar:** Engar fornleifar komu í ljós við framkvæmdagröftinn sem var vaktaður.
**Staðsetning:** Vesturgata 53, 101 Reykjavík, Reykjavíkurborg, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
**GPS hnit:** A: 356423 / N: 408698
**Rannsóknartími:** 18. ágúst 2025
**Leyfishafi:** Stefán Ólafsson
**Fjöldi starfsmanna:** 1




Mynd 1. Staðsetningarkort sem sýnir afstöðu umfang og svæði sem fjallað er um í skýrslunni.




*Mynd 2. Baklóðin sunnan við elsta húsið er tæplega 57,5 m² og þar af var framkvæmdasvæðið um 46 m². Ógrafinn hluti þess var um 9 m² (svæði C).*

## Umfjöllun um framkvæmdaeftirlit, uppmælingu húss og niðurstöður

Um miðjan ágúst 2025 óskuðu Allt – Fasteignir eða Langeldur eftir því að Fornleifastofnun Íslands ses tæki að sér framkvæmdavöktun á lóð Vesturgötu 53 í takt við fyrirmæli Minjastofnunar Íslands. Á lóðinni hafa til þessa staðið þrjú hús, tvö íbúðarhús og geymsluhús og virðast þau öll hafa haft sama húsnúmerið. Eldra íbúðarhúsið á lóðinni er að stofni til frá 1895[1] en samkvæmt fasteignaskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar er það frá 1910.[2] Yngra íbúðarhúsið á lóðinni var byggt 1944 eða 1945 og svo var þriðja húsið á lóðinni byggt 1944 eða 1947. Þriðja húsið var byggt sem geymsluhús en þar var svo seinna rekin fatahreinsun (sjá mynd 3).[3]

Búið var að rífa eldra timburhúsið og til stóð að rífa grjóthlaðinn húsgrunn þess líka. Þetta var bárujárnsklætt, einlyft timburhús á




*Mynd 3. Kortið sýnir lóð Vesturgötu 53. Græn lína sýnir lóðamörk en rauður hringur húsið sem hér er til umfjöllunar. Myndin er hluti af uppdrætti: Vesturgata 50. Skilmálar um varðveislu steinbæjar, skiptingu lóðar og uppbyggingu á lóð.*

1 Nikulás Úlfar Másson og Margrét Jónasdóttir (1993). Byggingasaga. Vesturgata, Seljavegur, Nýlendugata og Ægisgata. Skýrslur Árbæjarsafns. Nr. 30. Reykjavík: Árbæjarsafn, bls. 63

2 https://hms.is/fasteignaskra/100302/1019100/2000870

3 Nikulás Úlfar Másson og Margrét Jónasdóttir (1993). Byggingasaga. Vesturgata, Seljavegur, Nýlendugata og Ægisgata. Skýrslur Árbæjarsafns. Nr. 30. Reykjavík: Árbæjarsafn, bls. 63

grjóthlöðnum sökkli og áætlað er að reisa þar annað hús.[4] Minjastofnun Íslands fór fram á að framkvæmdirnar yrðu vaktaðar og að grjóthlaðinn grunnur timburhússins yrði mældur upp.[5] Uppmæling hússins var unnin af Sigríði Halldórsdóttur arkitekt hjá ASK arkitektum (sjá viðauka 2).

Áður en fornleifafræðingur kom á vettvang höfðu töluverðar framkvæmdir þegar farið fram innan þess hluta lóðarinnar þar sem eldra húsið stóð á. Sjálft húsið hafið þá verið rifið en grjóthlaðinn kjallarinn og steyptir veggir viðbyggingar stóðu ennþá. Einnig hafði verið grafið í hellulagðan bakgarð sunnan við húsið og þar komið niður á klöpp.

Að tillögu Minjastofnunar var framkvæmdasvæðinu skipt upp í þrjú svæði sem fjallað var um undir bókstöfum „A-C“. Gólfflötur elsta hluta hússins var gefinn bókstafurinn „A“, gólfflötur viðbygginga vestan við elsta hluta hússins var gefinn bókstafurinn „B“ og sunnan við húsið (A og B) var bakgarður og var því svæði gefinn bókstafurinn „C“. Minjastofnun Íslands óskaði eftir því að sá hluti svæðis „C“ sem enn var ógrafinn yrði vaktaður.[6] Baklóðin sunnan við elsta húsið er tæplega 57,5 m² og þar af var framkvæmdasvæðið um 46 m². Ógrafinn hluti þess var um 9 m² (svæði C, sjá mynd 2). Samkvæmt framkvæmdaraðila á ekki að grafa í 11 m² svæði á suðurmörkum lóðarinnar (sjá grænan reit á staðsetningarkorti). Sá hluti framkvæmdasvæðisins sem var vaktaður af fornleifafræðingi var handgrafinn þar sem ekki var unnt að koma vélgröfu að (sjá mynd 3). Jarðvegurinn á þessu svæði hafði greinilega verið hreyfður, meðal annars vegna lagna sem skáru hann á nokkrum stöðum (sjá mynd 3 og 4). Engar fornleifar eða gripir komu í ljós.



*Mynd 3. Sá hluti framkvæmdasvæðisins sem var vaktaður af fornleifafræðingi var handgrafinn þar sem ekki var unnt að koma vélgröfu að.*



*Mynd 4. Sá hluti framkvæmdasvæðisins sem var vaktaður af fornleifafræðingi var handgrafinn þar sem ekki var unnt að koma vélgröfu að (sjá mynd x).*



Mynd 5. Timburhúsið stóð á sökkli sem hlaðinn hafði verið úr tilhoggnu grjóti og límt saman með sementi. Sökkullinn hefur verið hlaðinn beint ofan á klöppina. Horft til suðvesturs.

4 MÍ200507-0031/6.06/4659.
5 MÍ200507-0031/6.06/4659.
6 MÍ202507-0031/ 6.06/ 4659.



Mynd 6. Steypt viðbygging aust-norðaustan við eldra íbúðarhúsið.

**Heimildir**

hms.is: https://hms.is/fasteignaskra/100302/1019100/2000870. sótt 29. september 2025.

MÍ200507-0031/6.06/4659: Bréf Minjastofnunnar Íslands, 11. ágúst 2025. MÍ200507-0031/6.06/4659. Efni: Vesturgata 53, Reykjavík - framkvæmdir á lóð. Reykjavík: Minjastofnun Íslands

Nikulás Úlfar Másson og Margrét Jónasdóttir (1993). Byggingasaga. Vesturgata, Seljavegur, Nýlendugata og Ægisgata. Skýrslur Árbæjarsafns. Nr. 30. Reykjavík: Árbæjarsafn, bls. 63


skjalasafn.reykjavik.is: *„Vesturgata 50. Skilmálar um varðveislu steinbæjar, skiptingu lóðar og uppbyggingu á lóð.“* Margrét Þormar FAÍ. Borgarskipulag Reykjavíkur. Uppdráttur frá 23. maí 1997. Sótt af vef Skjalasafns Reykjavíkur, sjá slóð: https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5003-Skipulagsuppdrættir/Skiuplagsuppdrættir/2009/07/2009-07-23_069_2.tif.info#c=%2Ffotoweb%2Farchives%2F5003-Skipulagsuppdr%25C3%25A6ttir%2F%3Fq%3Dvesturgata%252050. Skoðað: 29. september 2025

# Viðauki 1. Ljósmyndir


| Tegund | Leyfisnúmer | Rannsóknar-númer | Heiti myndar | Svæði nr. | Gerð | Rannsóknar-staður | Sveitarfélag | Sýsla | Dagsetning | Myndefni | Átt | Ljósmyndari |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | DSC_0269 | C | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 18,08,2025 | Ógrafinn hluti á svæði C. | V | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | DSC_0270 | C | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 18,08,2025 | Ógrafinn hluti á svæði C. | V | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | DSC_0271 | C | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 18,08,2025 | Ógrafinn hluti á svæði C. | V | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | DSC_0272 | C | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 18,08,2025 | Ógrafinn hluti á svæði C handgrafinn. | V | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | DSC_0273 | C | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 18,08,2025 | Við lok framkvmdagraftar. | V | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | DSC_0274 | C | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 18,08,2025 | Við lok framkvmdagraftar. | V | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | DSC_0275 | C | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 18,08,2025 | Vinnumynd | V | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | IMG_5180 | C | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 23,08,2025 | Vinnumynd | ASA | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | IMG_5181 | C | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 23,08,2025 | Vinnumynd | VNV | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | IMG_5182 | C og B | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 23,08,2025 | Vinnumynd | NV | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | IMG_5183 | A | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 23,08,2025 | Vinnumynd | SA | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | IMG_5184 | A | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 23,08,2025 | Vinnumynd | ANA | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | IMG_5185 | A | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 23,08,2025 | Vinnumynd | SV | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | IMG_5186 | A | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 23,08,2025 | Vinnumynd | V | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | IMG_5187 | A | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 23,08,2025 | Vinnumynd | NV | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | IMG_5188 | A | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 23,08,2025 | Vinnumynd | N | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | IMG_5189 | A | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 23,08,2025 | Vinnumynd | NNA | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | IMG_5190 | A | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 23,08,2025 | Vinnumynd | NA | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | IMG_5191 | A | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 23,08,2025 | Vinnumynd | S | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | IMG_5192 | A | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 23,08,2025 | Vinnumynd | SSV | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | IMG_5193 | A og B | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 23,08,2025 | Vinnumynd | VSV | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | IMG_5194 | A og B | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 23,08,2025 | Vinnumynd | ANA | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | IMG_5195 | C | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 23,08,2025 | Vinnumynd | A | SÓ |
| Vettvangsljósmynd | 202508-0077 | 2025-57 | IMG_5200 | A | Stafræn | Vesturgata 53 | Reykjavík | Gullbringu- og Kjósarsýsla | 23,08,2025 | Vinnumynd | SSV | SÓ |

Viðauki 2


Einbýlishús Vesturgata 53, skrásetning hleðsluveggja
Sigríður Halldórsdóttir





Grunnmynd




Snið AA




Ásýnd frá götu




Ásýnd aftan við hús


Vesturgata 53-Skrásetning hleðsluveggja

Formáli
Vesturgata 53 er einlyft bárujárnsklætt timburhús, kjallari og ris.
Samkvæmt fasteingaskrá er það byggt árið 1910 er því friðað skv. lögum um menningarminjar nr.80/20212.
Skv. húsakönnun Árbæjarsafns, skýrslu nr.30 frá 1993 er upphaflegt byggingarár hússins 1895.
Eigendum friðaðra húsa er skylt að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða ríf a.
Óskað var eftir við Minjastofnun að fjarlægja upprunalegu hlöðnu undirstöður hússins þar sem það er álit burðarþolsverkfræðings að núverandi undirstöður hússins munu ekki þola endurgert hús með þeim breytingum sem samþykktar hafa verið af Minjastofnun og byggingarfulltrúa.

Lýsing
Kjallari Vesturgötu 53 er upphaflega hlaðinn úr grágrýti sem að meðaltali er 50x30 cm að stærð.
Þykkt hleðsluveggja er í kringum 30 cm.
Upphafleg stærð hlaðins kjallara var um það bil 7,96 x 5,83 m. Um miðja 20.öld var húsið stækkað, steinsteyptum veggjum bætt við kjallara og ein hlið hlaðinskjallara rifin að hluta.
Á götuhlið er hleðsluveggur múrhúðaður að utan og hefur verið steyptur stuðningsveggur við hleðsluhluta kjallara.
Að öðru leiti má sjá útlit, mál og stærðir á teikningum og myndum hér til hliðar.



Hleðsluveggur séð frá götu



Hleðsluveggur séð innan frá sökkli að götu




Hleðsluveggur séð frá bakgarði



Stærð grágrýtis í vegg



Stærð grágrýtis í vegg



Ofanmynd af hleðsluveggjum



Hleðsluveggur séð innan úr sökkli að bakgarði

| ÚTGÁFA | TEIKNAÐ | YFIRFARIÐ | DAGS |
|---|---|---|---|

ASK ARKITEKTAR
GEIRSGÖTU 9 101 Reykjavík SÍMI 515 0300 www.ask.is

Sigríður Halldórsdóttir Arkitekt F.A.Í. kt.010661-4719
HÖNNUÐUR AÐALUPPDRÁTTA/HÖNNUNARSTJÓRI sigridur@ask.is

VERKEFNI
Einbýlishús
Vesturgata 53

TEGUND TEIKNINGAR
MINJASTOFNUN

HEITI TEIKNINGAR
Grunnmynd, útlit og snið

MKV. Í A1 1 : 50
HANNAÐ SH
TEIKNAÐ ASK
YFIRF SH
DAGS 19.08.2025

VERK NR. 2042
AUÐKENNI - NÚMER TEIKNINGAR 90-03
ÚTGÁFA

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKI ASK ARKITEKTA. EKKI SKAL MÆLA UPP AF TEIKNINGU.